



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/918
komudagur 24.2.2009

Nefndasvið Alþingis
berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 23.02.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Svar við spurningum til Landsvirkjunar á fundi Umhverfisnefndar Alþingis, sem ekki tókst að svara á fundinum

Á fundi Umhverfisnefndar Alþingis var annars vegar spurt um stöðu hönnunar og hagkvæmni veitu Skaftár til Tungnaár án miðlunar í Langasjó og hins vegar um stöðu Rammaáætlunar.

Hugmynd um að mynda sérstakt veitulón innan við Langasjó kom fram fyrir 2-3 árum og hefur verið unnið að rannsóknum og forathugun tilhögunar mannvirkja frá þeim tíma. Unnið er að frumhönnun veitunnar og miðað við fyrirliggjandi upplýsingar virðist veitan vera hagkvæmur kostur, sérstaklega ef fyrirhugað Tungnaárlón í farvegi Tungnaár nokkru neðar verður myndað. Þegar áform voru uppi um að veita vesturkvísl Skaftár um Langasjó til Tungnaár hefði allur grófur aurburður kvíslarinnar fallið út í Langasjó. Hins vegar er ljóst að núverandi fyrirhugað veitulón, sem hefur vinnuheitið Norðursjór, mun ekki taka við miklum aurburði í Skaftárhlaupum og framburður árinna verður svipaður innan tíðar og er í dag.

Mikið starf hefur verið unnið allt frá árinu 2004 við gagnaöflun og rannsóknir á öllum háhitasvæðum landsins, sem verður grunnur að heildarmati verkefnisstjórnar í öðrum áfanga Rammaáætlunar. Vegna fyrirsagnar og umræðu um rammaáætlun í Umhverfisnefnd er rétt að vekja athygli á því að á grunni þessa mats munu koma fram tillögur um verndun ákveðinna háhitasvæða og nýtingu annarra. Eðlilegast er að viðhafa sams konar vinnubrögð við vatnsaflsvirkjanir. Í öðrum áfanga Rammaáætlunar eru nú til skoðunar nokkrir vatnsorkukostir, þar á meðal eru þrír kostir sem þingsályktunartillaga að náttúruverndaráætlun beinist sérstaklega að. Allir þessi kostir voru til skoðunar í fyrsta áfanga en hafa verið endurskoðaðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Eins og kemur fram í greinargerð Landsvirkjunar um þingsályktunartillöguna væri eðlilegast að fresta tillögum um vernd þessara svæða þar til niðurstaða úr öðrum áfanga Rammaáætlunar liggur fyrir. Að öðrum kosti þarf að ná samkomulagi milli aðila um mörk verndarsvæða.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

